

# Góð hverfi gerð enn betri HverfisSKIPULAG Reykjavíkur

Fjölmenningarráð 30. apríl 2024

- Samráðsaðferðir hverfisSKIPULAGS
- Reynslan
- Framtíðin





# Samráð

Í orðabók segir að samráð sé það að taka sameiginlegar ákvarðanir og samræma aðgerðir. Í samráði felst einnig að kynna og fræða um tiltekið málefni og fá fram umræðu um það. Sömuleiðis að skiptast á skoðunum, rökræða og taka mið af skoðanaskiptum í vinnu við að þróa verkefni.

## Samráð í hverfisSKIPulagi

Skilgreint vinnuferli þar sem leitað er álitis íbúa, hagsmunaaðila og opinberra umsagnaraðila. Í vinnu við hverfisSKIPulag (deiliskipulag) er haft samráð við íbúa, hagsmunaaðila og opinbera umsagnaraðila á öllum stigum ferlisins. Þau gögn sem verða til í samráðsferlinu eru notuð við bæta og þróa hverfisSKIPulag (deiliskipulag).

## Samráð hverfisSKIPulags nær til þriggja hópa.

1. Íbúar og hagsmunaaðilar í borgarhlutanum.
2. Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar og kjörinna fulltrúa, þ.m.t. einingar og svið sem ábyrg eru fyrir málaflokkum.
3. Opinberar stofnanir og fyrirtæki sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum.

# Samráð hverfisskipulags


Samráð við íbúa og hagaðila er mikilvægur hluti af hverfisskipulaginu.

Samráðið er skilgreint vinnuferli sem byggir **lýðræðisstefnu Reykjavíkur** þar sem áhersla er á:

- að hlusta
- að rýna
- að breyta
- að miðla

Í samráðinu er byrjað með **autt blað** og endað með **fullmótað skipulag**.

Notaðar eru fjölbreyttar samráðsaðferðir til að ná til sem flestra.



# Fasaskipt samráðsferli hverfisskipulags

## Fyrsti fasi

Viðvera í hverfunum  
Rýnihópar Gallup  
Skapandi samráð  
Netsamráð

## Annar fasi

Kynning á vinnutillögum  
Hverfisgöngur  
Kynningarfundur  
Netsamráð

## Priðji fasi

Kynning á lokatillögum  
Viðvera og sýning  
Kynningarfundur





# Helstu samráðsaðferðir

Notaðar eru fjölbreyttar samráðsaðferðir þar sem markmiðið er að ná til sem flestra íbúa og hagaðila.

Aðferðirnar tengjast vinnuskipulagi og fasaskiptingu vinnuferilsins.

Þær eru:

- Viðvera í hverfum
- Kynningarsíður hverfisskipulag
- Skapandi samráð – (Planning for real)
- Rýnihópar (Gallup)
- Íbúafundur
- Hverfisgöngur
- Spurningakannanir
- Samtöl/samráð við sérstaka hópa- „Eldhugar“, Sendiherrar o.s.fv.



# Fyrsti fasi samráðs- Skapandi samráð





Krakkar í hverfisskólum byggja módel og ræða hugmyndir um úrbætur í







HverfisSKIPULAG  
Reykjavíkur



Íbúafundur í Hlíðaskóla 2016




Reykjavík

Miðasjáin er tæki sem heldur utan um alla þá miða sem íbúar hafa sett fram á íbúafundum til að tjá hugmyndir eða skoðanir

## Allir miðar skráðir í Miðasjá

Í gegnum sérhannað miðakerfi skapandi samráðs, sem tekur til helstu málaflokka sem skipta máli við skipulag hverfanna, gefst íbúum kostur á að bregðast við skipulagshugmyndum og koma á framfæri ábendingum með því að leggja miða með hugmyndum eða athugasemdum á viðeigandi stað á líkani.



# Rýnihópar Gallup

Rýnihópar eru aldursskiptir. Yfirleitt eru búnir til 4 hópar í hverju borgarhluta, sem valið er með slembiúrtaki. Ákveðin skipulagsmál eru rædd en líka framtíðarsýn fyrir hverfi og borgarhluta.

## Aðalatriðin í Hlíðahverfi

### Miklabraut


- Mikill meirihluti jákvæður gagnvart því að setja Miklubraut í göng eða stökk sem lausn á umferð, hávaða og mengun.
- Jákvætt tekið í að gera Miklubraut að borgargötu þegar búið væri að gera göng.

### Klambratún

- Tekið jákvætt í hugmyndir um betri nýtingu á Klambratúni.

### Byggðavernd

- Flestir samþykkir hugmyndum um verndun útlits húsa og byggðamynsturs.



# Annar fasi samráðs – Vinnutillögur

Vinnutillögur kynntar um hitamál í borgarhlutanum.



# Íbúafundur 2021



Hverfafundur borgarstjóra 14. október

Upplýsingafundur 21. október

# Viðhorfskönnun Gallup - framkvæmd

- Könnunin var framkvæmd dagana 15.-30. nóvember 2021.
- Ítarlegar niðurstöður könnunarinnar má finna í skýrslu frá Gallup sem er fylgiskjal með hverfisskipulagi.
- Úrtak könnunarinnar var 884 manns úr póstnúmerum 103 og 108, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup sem telur 33 þúsund manns.
- Alls bárust 480 svör og þátttökuhlutfallið því 54,3%.
- Þátttakan telst góð skv. Gallup og viðunandi til þess að draga tölfræðilegar ályktanir af niðurstöðum.



**ATH.**

***Ungir karlmenn sem erfitt er að fá til þátttöku eru sérstaklega valdir (alþjóðlegt vandamál)***

# Netsamráð

## Hugmyndir að uppbyggingu við Miklubraut-Háaleitisbraut og Bústaðaveg

Opnað hefur verið fyrir **netsamráð** hér á vefnum í tengslum við kynningu á vinnutillögum fyrir hverfisskipulag **Háaleitis-Bústaða**.

Nú geta íbúar í **Háaleiti-Bústöðum** og aðrir áhugasamir skoðað **þrívíddarmyndir** af hugsanlegum uppbyggingarsvæðum við **Bústaðaveg og Miklubraut-Háaleitisbraut**, sem mjög skiptar skoðanir hafa komið fram um í yfirstandandi kynningaráfangi hverfisskipulags borgarhlutans.

Með þessu samráðstæki er leitast við að fá enn skýrar fram afstöðu allra aldurshópa til þessara tveggja helstu álitamála í vinnutillögunum.

**Öllum** er velkomið að taka þátt í þessu samráði sem stendur til og með **15. desember 2021** eða jafn lengi og kynningin á vinnutillögum hverfisskipulagsins stendur yfir á netinu.

**TAKA ÞÁTT Í NETSAMRÁÐI**



### Miklubraut-Háaleitisbraut

Gatnamót Miklubrautar og Háaleitisbrautar – fyrir þéttingu byggðar.

Myndir: EFLA.

Smellið á mynd til að skoða þrívíddarmynd



### Miklubraut-Háaleitisbraut

Gatnamót Miklubrautar og Háaleitisbrautar – eftir þéttingu byggðar.

Myndir: EFLA.

Smellið á mynd til að skoða þrívíddarmynd



Bústaðavegur við Grímsbæ – fyrir uppbyggingu á svæðinu.

Myndir: EFLA

Smellið á mynd til að skoða þrívíddarmynd



Bústaðavegur við Grímsbæ – eftir uppbyggingu á svæðinu.

Myndir: EFLA

Smellið á mynd til að skoða þrívíddarmynd



# Priðji fasi samráðs – Lokatillögur

## Borgarhlut 3 Hlíðar



Hverfisskipulag  
Reykjavíkur

- Forkynning í USK ráði - 18. október
- Kynning í íbúaráði BH3 - 25. október
- USK ráð - 1. nóvember
- Borgarráð - 9. nóvember
  
- **Kynning hófst 16. nóvember og stóð í 10 vikur til 1. febrúar 2024.**
  - Útisýning á Hlemmi og Klambratúni í 8 vikur
  - Sýning á tillögum í Borgartúni í 8 vikur
- Íbúafundur borgarstjóra 21. nóvember
- Kynning á Kjarvalsstöðum frá 21. - 23. nóvember.
- Hverfisganga 26. nóvember kl 13.00



Reykjavík





# Samráð - niðurstöður

Gerð er grein fyrir niðurstöðum úr samráði í sérstökum greinargerðum sem fylgja öllum hverfisSKIPulagsáætlunum.

Einnig er hægt að skoða allar hugmyndir í miðasjá

[www.hverfisSKIPulag.is](http://www.hverfisSKIPulag.is)





# Reynslan

- Skapandi samráð hafa reynst vel. Nær til mikils fjölda barna og ungmenna í hverfum. Aðferðin eru tíma- og mannaflsfrekar
- Rýnihópar Gallup mjög góðir
- Netsamráð og spurningakannanir í gegnum Gallup eru góðar
- Mationnaire netsamráð er gott með öðru, en forritið er kostnaðarsamt
- Íbúafundur og hverfisgöngur takast yfirleitt vel en á þá mæta aðallega áhugasamir Íslendingar í eldri kantinum
- Eldhugar voru prófaðir í Laugardal – hverjir veljast skiptir máli.
- Illa hefur gengið að ná sambandi við íbúa af erlendum uppruna t.d. í Breiðholti

# Framtíðin - „Út í hverfin saman“

- Miklum tíma, vinnu og peningum er eytt í að próa samráðsaðferðir hverfisskipulags
- Þessar aðferðir mætti nota og próa í samstarfi við önnur svið borgarinnar.
- Íbúar borgarinnar kunna að meta að fá að hitta fulltrúa borgarinnar augliti til auglitis til að ræða sín hugðarefni.
- Getur borgarkerfið opnað sig og farið samferða út í hverfið til að hitta íbúa til að ræða málin?
- Slíkur vettvangur gæti ekki einungis verið jákvæður fyrir íbúa sem ættu auðveldara með að koma sínum málum á framfæri heldur gæti hann einnig orðið til þess að auka samstarf og bæta upplýsingaflæði milli skrifstofa og deilda hjá Reykjavíkurborg.


# Borgin samferða út í hverfin „lautarferð“ á bílastæðinu

## Ávinningur og áskoranir

- Styrkir beint íbúalýðræði
- Auðveldar íbúum að koma á framfæri hugmyndum/athugasemdum
- Getur styrkt félagsauð og hverfisvitund í hverfunum
- Getur aukið ánægju íbúa með hverfin sín

## Ávinningur fyrir Reykjavíkurborg er m.a.:

- Sérfræðipekking íbúa á sínu nærumhverfi hagnýtt
- Markvissar aðgerðaráætlanir geta orðið til sem m.a. byggja á sérfræðipekkingu íbúa á sínu nærumhverfi
- Markvissari áætlanir geta tryggt betur að nauðsynlegu viðhaldi sé sinnt
- Bætir ímynd Reykjavíkurborgar gagnvart íbúum og getur byggt traust
- Aukinn skilningur íbúa á starfsemi borgarinnar
- Aukið samstarf og skilningur milli starfseininga hjá Reykjavíkurborg - aukið hagræði
- Getur auðveldað skilgreiningu og forgangs röðun t.d. um umferðaröryggi, viðhald borgarlands o.s.frv.



# Hverfisskipulag Reykjavíkur

Takk fyrir

Umhverfis- og skipulagssvið, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur  
Ævar Harðarson Ph.D. arkitekt deildarstjóri hverfisskipulags

